

„ÞAÐ ÞYRMI

Vilhjálmur Árnason, heimspekingur og starfsmaður rannsóknarnefndar Alþingis, segir að erfitt hafi verið að tjá sig ekki opinberlega um hrunið þegar hann vann að skýrslunni. Hann segir ljóst að leita þurfi að siðferðilegum skýringum til að útskýra hrunið og segir sláandi að hlusta á sýn bankamanna.

INGI F. VILHJÁLMSOON

blaðamaður skrifar:

ingj@dv.is



„Þetta var mjög sérstök lífsreynsla, sérstaklega fyrstu vikunar sem ég tók þátt í þessu. Það þyrmdi yfir mig: Alerfiðasta verkefni sem ég hef nokkurn tímann staðið frammi fyrir,“ segir Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands og einn af höfundum siðfræðihluta skýrslu rannsóknarnefndarinnar, aðspurður hvernig það hafi verið fyrir hann að takast á við siðferðilegu umræðuna um efnahagshrunið.

„Var þetta ekki á stundum eins og að fást við höfuðsyndirnar sjö?“ spyr blaðamaður Vilhjálmi en höfundar siðfræðihlutans tóku þátt í nokkrum skýrslutökum yfir helstu gerendum hrunsins, meðal annars Sigurði Einarssyni, Sigurjóni Árnasyni og ýmsum öðrum starfsmönnum íslensku bankanna þar sem áhugaverð sjónarmið koma fram sem varpa ljósi á þankaganginn í íslensku þönkunum á árunum fyrir hrunið. „Ég er alveg handviss um að ekki er hægt að útskýra framferði bankamanna án þess að það sé tengt við viðhorf og gildi í okkar samfélagi,“ segir Vilhjálmur.

Rosalega sláandi

Vilhjálmur segir að eitt af því mest sláandi í vitnaskýrslunum hafi verið samtal sem nefndin átti við Kristján Gunnar Valdimarsson, yfirmann skattasviðs Landsbankans og einn helsta sérfræðings bankans í af-

landsviðskiptum: „Hann er að tala um flotræfilsháttinn hjá banka-mönnunum og hvernig þeir keyptu sér húsnæði á dýrasta stað í einhverri rándýrri, erlendri borg út af einhverju útsýni sem þar var. Svo vantaði eitthvert fólk barnapíu og þá var flogið eftir henni í einkaþotu. Þetta er svona dæmi um algjöra peningasóun. Það var alveg ótrúlegt mat á því hvað menn gerðu við peningana sína,“ segir Vilhjálmur.

Hann segir að þetta sjónarmið hafi einnig komið fram í máli Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings. „Ég man að ég spurði Sigurð Einarsson um stóra húsið hans í Borgarfirðinum. Hann tók það mjög óstínt upp. Sagði að sér fyndist þetta komið langt út fyrir verksvið nefndarinnar að vera að eyða tímanum í svona umræðu. Þetta finnst mér hins vegar koma samfélaginu við: Það var ótrúlega mikið umburðarlyndi í samfélaginu gagnvart þessum lífsmáta hinna ríku,“ segir Vilhjálmur en hluti þess sem rætt er um í siðfræðihlutunum snýst einmitt um lífnaðarhætti og lífsgildi á Íslandi fyrir hrunið.

Hrár raunveruleiki

Vilhjálmur segir að hlutverk þeirra í siðfræðihlutunum hafi verið að reyna að fanga þessi viðhorf í samfélaginu á þessum árum. „Mér fannst að ef þessari vidd yrði sleppt yrði heildargreiningin í skýrslunni ónákvæmari. Við þurfum að velja okkur ákveðna þætti til að fjalla um sem kölluðust á við aðra umfjöllun í skýrslunni. Þessi

Ópörf umræða

■ „Keyrðu bara um hverfi 101 og skoðaðu húsin sem eru til sölu þar. Ég er ekki viss um að það verði hægt að samþykka þetta hjá þér að það hafi verið gætt meira hófs þar með tilliti til þess tíma sem menn lifðu á þá. Þetta er hins vegar allt afstætt, en hins vegar sko verð ég bara að fá að segja það hér, með það verkefni sem þessi nefnd hefur, að vera eyða tímanum í að ræða eitthvert hús í Borgarfirði finnst mér, ef ég á að segja sjálfur, vera algjör eyðsla á tíma, sérstaklega ykkar og líka á mínum. [...] Þetta sveitasetur skiptir bara engu máli í samhengi hlutanna.“

SIGURÐUR EINARSSON Í SKÝRSLUTÖKU HJÁ RANNSÓKNARNEFNDINNI



Vanræktu siðferðið

■ „Ljóst er að fyrirtækjamenning bankanna vanrækti siðferðilega þætti og dygðum sem eru kjölfesta góðra viðskiptahátta var kastað fyrir róða. Amast var við eftirlitsaðilum sem gæta eiga góðra starfshátta og verja hagsmuni almennings. Þeim sem sinntu innra eftirliti var til að mynda gert erfitt um vik að sinna skyldum sínum en skemmtideildir voru eflar. Margir meðlimir fagstétta innan bankakerfisins sinntu þröngri hagsmunagæslu fyrir skjólstæðinga sína en létu sig ekki varða afleiðingar athafna sinna fyrir samfélagið í heild. Hugmyndir um samfélagslega ábyrgð höfðu það einkum að markmiði að bæta ímynd fyrirtækjanna fremur en að efla trúverðugleika þeirra til langs tíma lítið. Hvatakerfi miðuðust við skammtímagróða stjórnenda og eigenda á kostnað smærri hluthafa og alls almennings. Eigendur bankanna nutu óheftrar fyrirgreiðslu. Taumlítil gróðahygga einkenndi margvísleg samskipti bankamanna við viðskiptavini og traust almennings var misnotað.“

SIÐFRÆÐIHLUTI SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS, 8. BINDI, BLS. 242



Deilt á forseta

■ „Þegar horft er til baka yfir þá atburði sem leiddu til hruns í íslensku efnahagslífi vekur þáttur forseta Íslands sérstaka athygli. Þótt stjórnkerfið í heild beri með margvíslegum hætti ábyrgð á því sem gerðist verður ekki hjá því komist að skoða embætti forseta Íslands sérstaklega, svo hart gekk forsetinn fram í þjónustu sinni við útrásina og þá einstaklinga sem þar voru fremstir í flokki. Forsetinn kom ekki að stjórnvaldsákvörðunum en hann ber ásamt fleirum siðferðilega ábyrgð á því leikriti sem leikið var í kringum foringja útrásarinnar og fyrirtæki þeirra. Þau reyndust ekki vera í neinu frekar en keisariinn í sögu H.C. Andersen.“

SIÐFRÆÐIHLUTI SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS, 8. BINDI, BLS. 178



Sláandi Vilhjálmi fannst sláandi að hlusta á vitnisburði bankamanna sem lýstu þeim flotræfilshætti sem viðgekkst hjá bankamönnum.

MYND SIGTRYGGUR ARI

veruleiki sem ég kynntist þarna var vissulega hrárrí en sá sem ég á að venjast úr heimspekinni, jafnvel þó ég hafi stundað praktíska heimspeki. Til dæmis þurfti ég að vinna með gögn, sem er eitthvað sem heimspekingar gera ekki yfirleitt, ég skoðaði til dæmis farþegalista einkaflugvéla úr einhverju flugskýli á Reykjavíkflugvelli. Þetta er dálítið sérstök aðstaða að lenda í en gerði þetta starf mjög skemmtilegt. Svo fannst mér oft áhugavert að sitja skýrslutökurnar,“ segir Vilhjálmur.

Svarið er já

Vilhjálmur segir að greiningin í siðfræðihlutunum sé ekki byggð á kenningum í siðfræði, til dæmis nytjastefnunni eða siðfræði Immanúels Kant, heldur sé um það sem hann kallar „innri gagnrýni“ að ræða: „Það er eðlilegt í svona vinnu að koma ekki með kenningar inn í greininguna. Hægt væri að leggja siðfræðilegt mat á atburðina út frá slíkum kenningum. Mér fannst hins vegar heppilegra að taka það siðferði sem mótask hefur í þeim starfsgreinum sem þarna eru til skoðunar. Til dæmis er til viðskiptasiðferði sem góðir bankamenn virða og hafa virt í gegnum tíðina og hægt er að styðjast við. Og svo hafa stjórnmalamenn og fjölmiðlamenn sínar siðareglur. Svo er það auðvitað bara þessi hversdagslega siðferðisvitund um að segja satt og blekkja ekki fólk. Við segjum í innganginum að

við kennum börnum okkar að ljúga ekki, meiða ekki og svo framvegis. Þetta eru ákveðin grundvallaratriði siðferðisins sem alltaf eru til staðar í mannlegum samskiptum en svo taka siðferðisspurningarnar á sig flóknari myndir eftir viðfangsefnunum. Mér fannst það því betra að mæla framgöngu fólks í þessum mismunandi viddum samfélagsins eftir þeim stöðlum sem þær hafa sett sér frekar en að byggja þetta á tilvísun í kenningar: Það er alltaf þetta hversdagslega siðferði sem við þurfum að hafa í huga,“ segir Vilhjálmur.

„Það þurfti kannski ekki mikið að vísa í kenningar í siðfræði til að átta sig á því að pottur hafi verið brotinn siðferðilega séð í íslensku stjórnmála- og viðskiptalífi á árunum fyrir hrunið?“ spyr blaðamaður Vilhjálmi. „Nei, ef bankakerfið hrynnur þá er pottur brotinn. Það er ljóst. Eitt sem var dálítið erfitt fyrir mig, því ég hef ekki viljað halda mig frá opinberri umræðu í gegnum tíðina, og það var að geta ekki tjáð mig um þetta efni sem við vorum að skoða í allan þennan tíma vegna þess að ég var bundinn þagnarskyldu. En ég sagði stundum: Vinnuhópnur er ætlað að meta hvort skýringar á bankahruninu sé að finna í starfsháttum og siðferði. Stutta svarið við því er: Já. Enda væri svolítið einkennilegt ef svo hefði ekki verið,“ segir Vilhjálmur sem undirstrikar þó að orsakirnar fyrir hrununu séu hins vegar margbrotnar.

„Þessi veruleiki sem ég kynntist þarna var vissulega hrárrí en sá sem ég á að venjast úr heimspekinni.“

Viðtæk ábyrgð

Vilhjálmur segir að umræðan sem verið hafi í samfélaginu eftir að rannsóknarskýrslan var birt á mánudaginn sýni hins vegar að margir telji sig hafa hagsmuni af því að þrengja ábyrgðartalið og kenna einum eða fáum aðilum um hrunið og vísar þar til forsíðufyrirsagnar Morgunblaðsins á þriðjudaginn þar sem ábyrgðinni er alfarið varpað á íslensku bankana. „Mér fannst það vera verkefni okkar að vera vakandi fyrir því hvað þessi siðferðilega ábyrgð var viðtæk. Við fengum til að mynda eina spurningu

DIYFIR MIG

Viðtækari ábyrgð Vilhjálmur segir að ábyrgðin á hruninu sé viðtækari en svo að hægt sé að segja að bankarnir beri ábyrgð á því eða hið opinbera. Hann telur að almenn-ingur á Íslandi beri líka vissa ábyrgð á hruninu.

MYND SIGTRYGGUR ARI



á blaðamannafundinum á mánudaginn þar sem við vorum gagnrýnd fyrir að skrifa svona mikið um forseta Íslands þar sem hann bæri ekki ábyrgð á stjórnvaldsathöfnum. En forsetinn kom með nokkuð sterkum hætti inn í ákveðna samfélagslega orðræðu um útrásina og sjálfsmynd þjóðarinnar þó hann sé ekki höfundur hennar nema að hluta. Við köllum þessa orðræðu: Ógagnrýna sjálfsánægju. Hún sótti efnivið sinn í víkingaarfinn og annað slíkt," segir Vilhjálmur en hann er hallur undir kenningu um hrunið þar sem ábyrgðinni á því er dreift nokkuð víða.

Ritskoðun og spuni

Vilhjálmur tekur sem dæmi að fjölmiðlar hafi til að mynda ekki staðið sig sem skyldi fyrir hrunið við að greina frá þeim hættumerkjum sem voru á lofti og að hugsanlega megi rekja þetta til einhvers konar þöggunar sem var í gangi. „Menn voru

bara hræddir um að missa vinnuna. Í fámennu samfélagi með fáum fjölmiðlum er það ekkert grín. Hvað eigum við að kalla þetta? Ætli þetta sé ekki sjálfsritskoðun vegna margvíslegra aðstæðna. Allar þessar ástæður teljum við skipta máli... Spuninn sem kom úr bönkunum var oft birtur gagnrýnislaus og barst þannig út í samfélagið. Ég orðaði það þannig á mánudaginn að það var eins og við hefðum lifað í sýndarveruleika. Það sem ég hef lært persónulega af þessu er hversu veruleikinn í kringum okkur er hannaður af mannavöldum," segir Vilhjálmur en með þessu á hann meðal annars við hversu umræða um hættuna sem stöðjaði að íslenska fjármálakerfinu hafi verið lítil framan af.

„Af því að þú ert að tala um þetta er eitt sláandi dæmi frá árunum fyrir hrunið. Það var þegar Björgólfur Guðmundsson hótaði að kaupa DV til þess eins að leggja það niður

vegna þess að hann var ósáttur við umfjöllun DV um hjónaband konu sinnar og Bandaríkjamannsins sem stofnaði nasistaflokkinn þar í landi," segir blaðamaður. „Fékk þetta bara ekki góðan hljómgrunn? Mig minnir það," segir Vilhjálmur.

Blaðamaður: „Jú, það voru ekki margir sem gagnrýndu þessa ritskoðunartilburði. Þetta þótti bara fínt."

Vilhjálmur: „En þetta kom upp samt sem áður í þessu frjálsa formi. Þetta verða bara viðskipti á markaði. Það kemur tilboð og menn geta hafnað því eða þegið það," en tilboði Björgólfs var hafnað og DV hélt áfram að koma út.

Fólk naut góðs af þessu

Vilhjálmur segir að hugsanlegt sé að útskýra megi þetta gagnrýnisleysi í íslensku samfélagi að hluta með því hversu margir hafi unnið hjá þeim auðmönnum sem stjórnuðu landinu og að menn hafi eygt möguleika á því

að verða sjálfir ríkir. „Fjármálageirinn var orðinn svo stór og hann veitti svo mörgum vinnu þannig að hann tengdist inn í ansi margar fjölskyldur. Gengið var hagstætt, ferðalög voru auðveld þannig að við sem neytendur nutum flest góðs af þessu. Í loka hluta skýrslunnar veltum við því fyrir okkur hvort allir borgarar landsins beri ábyrgð á því hvernig fór. Ég held að það sé eitthvað til í því en maður þarf að fara mjög varlega með þessa flatskjárkenningu. Við getum talað um vissa samábyrgð okkar sem neytenda sem nutu góðs af vexti bankanna. Upp til hópa var íslenskur almenningur ánægður með það sem var að gerast og það hljóp kapp í menn yfir framgangi Íslendinga á erlendri grundu og fólk reiddist þegar útlendingar gagnrýndu okkur," segir Vilhjálmur.

Hann segir að það sem honum finnst þó mikilvægara sé að við séum borgarar í lýðræðissamfélagi og ber-

um ábyrgð sem slíkir. „Við erum ekki bara neytendur sem njóta góðs af einhverju góðæri heldur borgarar í lýðræðisríki. Og borgarar í lýðræðisríki eru ábyrgir fyrir þeim stjórnvöldum sem þeir velja yfir sig," segir Vilhjálmur en af ummælum hans og niðurstöðunum í þeim hluta skýrslunnar sem hann tók þátt í að skrifa er ábyrgðin á hruninu margþættari og flóknari en svo að hægt sé að kenna einum aðila eða fáum um það. „Við orðum það þannig í okkar greiningu að hún sýni að helstu innviðir hins lýðræðislega samfélags hafi reynst vera veikburða. Bæði stjórnkerfið og stjórnsiðirnir og svo fjölmiðlarnir, þessar meginstöðir lýðræðisríkisins. Forsenda þess að borgararnir geti axlað vel ábyrgð sína í lýðræðisríki er að fjölmiðlarnir upplýsi þá um hana," segir Vilhjálmur en fjármálakerfið blés út innan þessa ramma sem stjórnmálamennirnir höfðu búið til og misstu svo hemilinn á.